

**Ed.**

**332. Nefndarálit**

**[19. mál]**

um frv. til laga um eignarrétt og afnotarétt fasteigna.

Frá 1. minni hl. allsherjarnefndar.

Nefndin hefur athugað frv., en ekki orðið til fulls sammála um afgreiðslu þess. Við undirritaðir getum ekki fallizt á, að rétt sé að veita ráðherra jafnótakmarkaða undanþáguheimild og frv. gerir ráð fyrir. Við viljum takmarka hana við tiltekin tilvik. Flytjum við því breytingartillögur þess efnis, að ráðherra sé einungis heimilt að veita undanþágu frá skilyrðum 1.—4. töluliðs 1. gr., ef aðili hefur eignað fasteign við hjúskap eða erfðir eða óðlazt fasteignarréttindi fyrir gildistöku laga þessara.

Aðrar tillögur okkar til breytingar á frv. eru til samræmis við þá höfuðbreytingartill. okkar.

Alþingi, 16. mars 1966.

Ólafur Jóhannesson,                    Hermann Jónasson.  
frsm.